


Umsókn um aðgang að gögnum úr gagnagrunni R&G „Ungt fólk – Utan skóla“

Leiðbeiningar
Maí 2010



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Ofanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík

sími 599 6431 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

Formáli

Rannsóknir & greining ehf, Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, 102 Reykjavík, kt. 450399-2489, er umsjónaraðili gagna Ungt fólk – Utan skóla. Framkvæmdastjóri verkefnisins er Jón Sigfússon og um samræmingu gagna sá Álfgeir Logi Kristjánsson. Gagnaöflun sú sem er grunnurinn að gagnasettinu, var unnin meðal ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára sem ekki stunduðu nám við hefðbundna framhaldsskóla veturinn 2008 til 2009.

Gögnin má fá hjá Rannsóknum & greiningu. Í leiðbeiningunum er því lýst hvernig á að sækja um að fá að framkvæma sérstaka úrvinnslu úr gagnasetti rannsóknarinnar. Vinsamlega lesið leiðbeiningar vandlega.

Rannsóknir og greining hefur gefið út skýrsluna „Ungt fólk – Utan skóla“ og má nálgast hana [hér](#). Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar um hagi og líðan ungs fólks sem ekki stundar nám við hefðbundna framhaldsskóla, vinna vísindalegar greiningar úr gögnunum en einnig hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem starfa á vettvangi ungs fólks. Í eftirfarandi leiðbeiningunum er því lýst hvernig á að sækja um að gögn til að framkvæmda úrvinnslur úr gagnagrunni rannsóknarinnar. [Sjá umsóknareyðublað](#).

Þessar leiðbeiningar voru unnar m.a. með hliðsjón af reglum Landlæknisembættisins um útvinnslu gagna, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, reglugerð nr. 286/2008 og leiðbeiningum frá Sundhedsstyrelsen í Danmörku (*Vejledning i udtræk fra Sundhedsstyrelsens registre*. Febrúar 2006).

1 Almennar reglur um aðgang að úrtaki gagna úr gagnasafninu

Reglur þær sem hér eru settar og varða aðgang að úrtaki gagna úr gagnaskrá „Ungt fólk – Utan skóla“ eiga að tryggja að farið sé með upplýsingar í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Einnig eiga reglurnar að tryggja vandaða nýtingu gagnanna.

Rannsóknin sem reglur þessar gilda um eru unnar nafnlaust, án kennitalna og eru á allan hátt ópersónurekjanleg. Umsækjendur bera þó ábyrgð á því að afla tilskilinna gagna vegna hverrar úrvinnslu ef einhver eru.

2 Afhending gagna

Gagnasettið inniheldur alla einstaklinga í gagnasettinu „Ungt fólk – Utan skóla“. Gagnasettið er afhent í formi samandreginna upplýsinga á landsvísu í SPSS.

3 Skilyrði fyrir aðgangi að gögnum úr gagnagrunni „Ungt fólk – Utan skóla 2009“

1. Rannsóknarverkefnið skal vera vel afmarkað og skilgreint. Í lýsingu á verkefninu þarf að koma skýrt fram hvernig nýta á gögnin gagnaskránni. Sýna þarf fram á nauðsyn gagnanna fyrir rannsóknina í samræmi við tölul. 7 gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
2. Einungis þeir sem tilgreindir eru sem ábyrgðarmenn gagna (umsækjandi) fá gögnin afhent. Ef óskað er eftir því að nota gögnin í öðrum tilgangi eða í tengslum við nýtt verkefni skal skila inn nýrri umsókn til Rannsókna & greiningar. Að rannsókn lokinni skal öllum gögnum eytt og skal það tilkynnt Rannsóknum & greiningu með tölvupósti á rannsoknir@rannsoknir.is. Ábyrgðarmanni gagna og gagnavinnsluaðila er alls óheimilt að veita öðrum en þeim sem getið er sem gagnavinnsluaðila í umsókn aðgang að gögnunum, hvorki að hluta né heild.
3. Geta skal Rannsókna & greiningar sem gagnaöflunaraðila í öllu birtu efni þar sem gögn eru nýtt.
4. Rannsóknum & greiningu skulu sendar niðurstöður rannsóknar og/eða eintak af útgefnu efni þegar eftir útgáfu/birtingu. Birt efni verður einnig birt á vef R&G.

4 Leiðbeiningar við gerð umsóknar úr gagnaskrá „Ungt fólk – Utan skóla“

Eftirfarandi leiðbeiningar eru settar fram til þess að auðvelda afgreiðslu Rannsókna & greininar á umsóknum um gögn úr gagnagrunni vegna rannsókna og þar með stytta biðtíma umsækjenda.

4.1 Lýsing á rannsókn/verkefni

Umsókn um gögn skal fylla út á þar til gerðum [umsóknareyðublöðum](#) sem er að finna á vef Rannsókna & greiningar www.rannsoknir.is Með umsókninni skal fylgja ítarleg lýsing á rannsókninni/verkefninu.

Umsókninni skal fylgja lýsing á rannsókninni. Hún skal innihalda eftirfarandi atriði:

- *Inngang.* Stutt kynning á fræðasviðinu/efninu ásamt upplýsingum um þær heimildir sem liggja fyrir um efnið.
- *Markmið.* Eitt eða fleiri markmið. Sett fram á stuttu og hnitmiðuðu máli.
- *Gögn og aðferðir.* Hvaða gögnum er óskað eftir (telja upp þær breytur sem um ræðir) og hvaða aðferðir verða notaðar til að greina þessi gögn? Meðferð og varðveisla gagna.
- *Gera grein fyrir siðferðilegum álitamálum.*
- *Fræðilegt samhengi.* Hvers er vænst af rannsókninni?
- *Líkurnar á að hægt verði að framkvæma rannsóknina samkvæmt áætlun.* Hvaða þekkingu hefur umsækjandinn sem leiðir líkur að því að hægt verði að framkvæma rannsóknina?
- *Áætluð verklok rannsóknar.* Hvernig og hvenær verður frumgögnum eytt?

4.2 Gagnasnið (snið úrtaksins)

Gögn frá Rannsóknum & greiningu eru afhent á spss skrá.

4.3 Meðhöndlun umsóknar

Þegar óskað er eftir aðgangi að gögnum frá Rannsóknum & greiningu er ferlið eftirfarandi:

Umsókn um úrtak er fyllt út á eyðublaði á vef Rannsókna & greiningar.

- Undirrituð umsóknin er síðan send Rannsóknum & greiningu ásamt lýsingu á markmiði rannsóknar og nákvæmri lýsingu á gagnainnihaldi.
- Ef umsóknin er fullnægjandi mun R&G, innan sex vikna frá móttöku, senda umsækjanda upplýsingar um afhendingartíma, samning um gagnanotkun og nánari upplýsingar um framvindu málsins. Rannsóknir & greining hefst fyrst handa við að undirbúa gögnin eftir að umsækjandi hefur undirritað [samning um gagnanotkun](#) og tilskilin leyfi hafa borist stofnuninni, ef við á.

5 Gjaldtaka

Ekkert gjald er tekið fyrir aðgang að gögnum úr rannsókninni „Ungt fólk – Utan skóla“.

Ef umsækjandi óskar eftir aðstoð R&G við úrvinnslu gagnanna og R&G hefur tök á að taka að sér þá úrvinnslu að hluta eða í heild skal greiða tímagjald fyrir þá vinnu. Umsækjandi borgar fyrir þann tímafjölda sem fer í vinnslu umbeðinna gagna eða upplýsinga, þar með talda ráðgjöf sem er utan við vinnsluna.

6 Frestur til afhendingar á gögnum

Frá því að fullgild umsókn ásamt öllum nauðsynlegum fylgiskjölum berst R&g þar til úrtak er tilbúið geta liðið allt að sex vikur. Er þá ekki tekið tillit til þess tíma sem aðrir utanaðkomandi aðilar gætu þurft að leggja í vinnsluna.

7 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir sendist til: rannsoknir@rannsoknir.is

Símanúmer: 599 6431.

8 Réttur yfir verki

Höfundaréttur að gagnaskrá þeirra rannsókna er samningurinn tekur til tilheyrir R&G, sbr. ákvæði höfundalaga nr. 73/1972. Höfundaréttur að úrvinnslum sem unnar eru úr gögnum tilheyrir R&G og umsækjanda/ábyrgðarmanns sameiginlega. Skal báðum aðilum heimilt að nota og birta niðurstöður úr umræddum sérritum. Komi til opinberrar umfjöllunar um efni niðurstöðu skýrslna eða rita sem unnin eru úr gögnum skal geta R&G og umsækjanda/ábyrgðarmanns.

9 Ágreiningur

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal ágreiningsmálið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.